

FRÁSÖGN

af ferð atvinnuveganefndar til Björgvinjar.

Inngangur.

Atvinnuveganefnd Alþingis fór til Björgvinjar 4. mars sl. til að kynna sér fiskeldi í Noregi. Í ferðina fóru Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, 1. varaformaður, Halla Signý Kristjánsdóttir, 2. varaformaður, Ásmundur Friðriksson, Kolbeinn Óttarsson Proppé, Njáll Trausti Friðbertsson, Ólafur Ísleifsson, Sigurður Páll Jónsson, Sara Elísa Þórðardóttir og Þorgerður K. Gunnarsdóttir, ásamt Birgittu Kristjánsdóttur nefndarritara.

Nefndin fór í ferðina til að kynna sér fiskeldi í Noregi í tengslum við væntanlegt lagafrumvarp um fiskeldi, m.a. til að skoða hvernig tekið væri á hættu á erfðablöndun, hvernig brugðist væri við laxalús o.fl.

Blom-fiskeldisstöðin.

Nefndin ferðaðist til Björgvinjar mánudaginn 4. mars. Þriðjudaginn 5. mars fór nefndin í heimsókn í Blom-fiskeldisstöðina. Fyrst fór nefndin á *Kystmuseet*, sem helgað er strandmenningu (kystmuseet.museumvest.no). Þar hitti nefndin Robert Mikkelsen, starfsmann eldisins. Mikkelsen sýndi nefndinni stutta mynd um lífsferil eldisfisksins, frá hrygningu og þar til hann er fullunninn og flakaður. Nefndarmenn spurðu spurninga um starfsemina að mynd lokinni. Að því búnu var siglt með nefndina út að eldiskvíum á tveimur stöðum. Önnur kvíin var ekki í notkun en hin var kvik af laxi. Þá fékk nefndin að fara um borð í fóðurpramma og sjá allt þar innanborðs, þ.m.t. vöktunarmyndavélarnar. Í sömu ferð voru Guðmundur Gíslason frá *Arctic Fish Farm*, Stein Ove Tveiten, forstjóri *Arctic Fish*, Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax, og loks tengiliður nefndarinnar, Þorleifur Ágústsson hjá NORCE-rannsóknarstofnuninni. Að því búnu hélt nefndin aftur til Björgvinjar.

Síðdegis hófst opinn viðburður, *Inspired by Iceland*, á NASF-ráðstefnunni sem nefndin sótti. Að fyrirlestrum loknum var nefndin viðstödd móttöku Arion banka á ráðstefnunni ásamt öðrum gestum sem þar voru.

NASF-ráðstefnan.

Miðvikudaginn 6. mars mætti nefndin á ráðstefnu *North Atlantic Seafood Forum* (NASF) þar sem nefndarmenn sóttu hina ýmsu fyrirlestra.¹ Fyrirlestrarnir tengdust allir sjávarútvegi eða fiskeldi. Síðdegis fundaði nefndin með fulltrúum Háafells, þeim dr. Kristjáni Þórarinssyni, sérfræðingi í stofnfiskfræði, Gauta Geirssyni og Hauki Oddssyni. Var þar rætt um áhættumat o.fl. Um kvöldmatarleytið mætti nefndin til móttöku Íslandsstofu á Radisson Blu-hótelinu.

NORCE-rannsóknarstofnunin og umhverfisvernd.

Fimmtudaginn 7. mars hélt nefndin í starfsstöð NORCE í Björgvin. Þar hitti nefndin marga starfsmenn NORCE sem útskýrðu hlutverk stofnunarinnar í tengslum við fiskeldi. Eftirfarandi aðilar héldu fyrirlestur:

- Terje Svåsand frá hafrannsóknarstofnun Noregs, *Havforskningsinstituttet* (imr.no), kynnti hlutverk stofnunarinnar í rannsóknum í fiskeldi.
- Øyvind Lie frá fiskistofu Noregs, *Fiskeridirektoratet*, kynnti hlutverk stofnunarinnar í fiskeldi.

¹ Dagskrána má finna hér: nor-seafood.com/complete-program

- Þorleifur Ágústsson frá NORCE kynnti hvað stofnunin er að gera á Íslandi og sagði frá samvinnu við íslenskar rannsóknarstofnanir og háskóla.
- Naouel Gharbi frá NORCE veitti yfirlit yfir rannsóknir í fiskeldi.
- Bjørn Barlaup frá NORCE sagði frá vöktun villts lax í 50 ár (uni.no/en/uni-environment/lfi).
- Elisa Ravagnan frá NORCE sagði frá sjálfbæru fiskeldi (iris.no/research/environment/aquaaccept).

Að fyrirlestrum loknum hélt nefndin í heimsókn til norsku umhverfisverndarsamtakanna, *Norges Miljøvernforbund (nmf.no)*. Um borð í *M/S Miljødronningen* hlýddi nefndin á fyrirlestur Kurts Oddekalv, formanns samtakanna, þar sem hann skýrði stefnu þeirra og baráttumál.

Að því búnu hélt nefndin aftur á hótelið þar sem við tóku fyrirlestrar í ráðstefnusal hótelsins. Þar héldu þessir kynningu:

- Anne Hvistendal, framkvæmdastjóri matvæla og sjávarfangs hjá *DNB Seafood*, og Dag Sletmo, sérfræðingur og ráðgjafi hjá sama fyrirtæki (dnb.no/en/corporate-and-institutions/industries/seafood.html).
- Eivind Helland frá *Blue Planet* ræddi um fiskeldi.
- Torben Foss frá PwC skýrði frá áætlanagerð í fiskeldi.
- Hallvard Aarø frá PwC fjallaði um framtíð laxeldis í Noregi til 2050.
- Kenneth Bruvik frá veiði- og fiskveiðisamtökum Noregs, *Norges Jeger- og Fiskerforbund*, fjallaði um áhrif laxeldis á umhverfið.
- Jens Olaf Flekke, formaður *Reddvillaksen.no*, fjallaði um efnahagslegan ávinning af lokuðu laxeldi.

Ferðin var afar upplýsandi og veitti nefndarmönnum færi á að spyrja ítarlegra spurninga um fiskeldi.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá nefndarritara atvinnuveganefndar.